

**Ed.**

## **244. Nefndarálit**

um frv. til 1. um breyt. á ábúðarlögum, nr. 87 19. júní 1933.

Frá landbúnaðarnefnd.

Frumvarp þetta, er náð hefur samþykki neðri deildar og síðan vísað til landbúnaðarnefndar þessarar deildar, hefur verið athugað á nefndarfundum. Leggur nefndin til, að frumv. verði samþykkt með smávægilegum breytingum, er hér verða skráðar.

HG hefur óbundnar hendur um breytingartillögurnar.

### BREYTINGARTILLÖGUR.

Við 1. gr.

a. Fyrstu málsgrein skal orða svo:

Hver sá, sem á jörð, er undanfarið hefur verið í sérábúð og hann nytjar ekki sjálfur, er skyldur að byggja hana hæfum umsækjanda gegn hóflegu eftirgjaldi að dómi úttektarmanna.

b. Í þriðju málsgrein hætist við á eftir orðunum „að dómi úttektarmanna“: miðað við landverð jarðarinnar.

c. Fjórða málsgrein falli niður.

Alþingi, 28. nóv. 1945.

Þorsteinnsson,  
form.

Kristinn E. Andrésson,  
fundaskr.

Eiríkur Einarsson,  
frsm.

Páll Hermannsson. H. Guðmundsson.